

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/7/EB

2002/EES/12/34

frá 29. janúar 2001

um þriðju aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 94/55/EB um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/55/EB frá 21. nóvember 1994 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi flutning á hættulegum farmi á vegum<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/61/EB<sup>(2)</sup>, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í viðaukum A og B við tilskipun 94/55/EB er að finna viðauka A og B við Evrópusamning um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR), oftast nefndur „ADR-samningurinn“, í útgáfunni sem öðlaðist gildi 1. júlí 1999.
- 2) ADR-samningurinn er endurskoðaður á tveggja ára fresti og því verður breytt útgáfa í gildi frá 1. júlí 2001 með aðlögunartíma til 31. desember 2002 nema að því er varðar hættulegan farm í 7. flokki (geislavirk efni) en þar lýkur aðlögunartímanum 31. desember 2001.
- 3) Því er nauðsynlegt að breyta viðaukunum við tilskipun 94/55/EB.
- 4) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flutning á hættulegum farmi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á viðaukunum við tilskipun 94/55/EB:

1. Í stað viðauka A komi eftirfarandi:

„VIDAUKI A

**Ákvæði viðauka A við Evrópusamninginn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR) með gildistöku 1. júlí 2001 þar sem orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“**

ATH: Samsteyptur texti útgáfunnar frá 2001 á viðauka A við ADR-samninginn verður birtur jafnskjótt og textinn er fánlegur á öllum opinberum tungumálum bandalagsins.“

2. Í stað viðauka B komi eftirfarandi:

„VIDAUKI B

**Ákvæði viðauka B við Evrópusamninginn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum (ADR) með gildistöku 1. júlí 2001 þar sem orðið „aðildarríki“ komi í stað orðsins „samningsaðili“**

ATH: Samsteyptur texti útgáfunnar frá 2001 á viðauka B við ADR-samninginn verður birtur jafnskjótt og textinn er fánlegur á öllum opinberum tungumálum bandalagsins.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari um hættulegan farm í 7. flokki eigi síðar en 31. desember 2001 og um hættulegan farm í öðrum flokkum eigi síðar en 31. desember 2002. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þau ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. janúar 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 30, 1.12.2001, bls. 43, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2001 frá 19. júní 2001 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfishemi) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 6.9.2001, bls. 18.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 319, 12.12.1994, bls. 7.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 279, 1.11.2000, bls. 40.